



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2021

Tilvísun: 202008014 / 5.1

Efni: Aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík - beiðni um umsögn

Sigurbjörn Hjaltason hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttækin 14. janúar 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 29. janúar 2021 og einnig á tölvupóstfang: Tinna.Jonsdottir@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.


Tinna Jónsdóttir

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
Reykjavík

Kiðafelli, 5. janúar 2021

Efni: *Tilkynning um fyrirhugað malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík vegna ákvörðunar um matskyldu.*

Með vísan til laga tilkynnist Skipulagsstofnun hér með um framkvæmd, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Með bréfi Skipulagsstofnunnar dags. 12. júní 2015 er birt sú ákvörðun að efnisnám og móttaka ómengaðra jarðefna, allt að 75.000 rúmmetra í hvorum flokki, væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum í Buganámu í landi Norðurkots í Reykjavík.

Á grundvelli ákvörðunar Skipulagsstofnunar var gefið út framkvæmdarleyfi af hálfu Reykjavíkurborgar dags. 10. febrúar 2016, hjálagt.

Nú er komið að lokum þessara framkvæmdar.

Fyrirhugað er að sækja um framkvæmdarleyfi til Reykjavíkurborgar vegna nýrrar framkvæmdar í námunni. Vinnslusvæðið mun fara fram á svæði sem afmarkað er sem efnistökusvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og er það sama og fyrri ákvörðu byggði á.

Óskað verður efti að heimilt verði að nema á brott 74 þúsund rúmmetra efnis og móttöku sama magns ómengaðs jarðvegs til haugsetningar og endurgerðar landlagsheildar til ársins 2030.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan þess svæðis sem fyrri ákvörðun tók til og núverandi fræmkvæmdarleyfi gildir um.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að mæta þörf fyrir malaefni á nálægu svæði og í nýjan Vesturlandsveg ásamt möguleika á móttöku hreinna jarðefna til frágangs námusvæðisins.

Framkvæmdaraðili er Sigurbjörn Hjaltason Kiðafelli sem jafnframt er eigandi svæðisins ásamt Bergþóru Andrésdóttir.

Virðingarfyllst, Sigurbjörn Hjaltason Kiðafelli

Malarnám í landi Norðurkots, Bugamel, á Kjalarnesi Reykjavík

Tilkynning til Skipulagsstofnunar
vegna ákvörðunar um matsskyldu



Janúar 2021

Malarnám í landi Norðurkots, Bugamel, á Kjalarnesi Reykjavík

Tilkynning til Skipulagsstofnunarvegna ákvörðunar um matsskyldu.

Efnisyfirlit:

1. Upplýsingar með framkvæmdarleyfisumsókn
2. Náman, umfang, staðsetning og náttúrufar
3. Jarðfræði og efnisgerð
4. Upplýsingar um stærðir og magn
5. Tenging við skipulagsáætlanir
6. Lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd, umfangi hennar og helstu framkvæmda- og rekstrarþáttum
7. Upplýsingar um umsagnaraðila
8. Fylgiskjöl

Fylgiskjöl:

1. Ákvörðun Skipulagsstofnunnar og umsagnir frá 2015, fyrri ákvörðun
2. Framkvæmdarleyfi fyrir Buganámu, núgílgandi
3. Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 2020
4. Antikva efh- umsögn fornleyfafræðings
5. Gögn vegna Náttúruminjaskráar

Upplýsingar með framkvæmdarleyfisumsókn

Framkvæmdarumsækjandi:

Sigurbjörn Hjaltason k.t 100658-5429

Kiðafelli 2

276 Mosfellsbæ

Landeigandi:

Sigurbjörn Hjaltason Kiðafelli 2

Bergþóra Andrésdóttir Kiðafelli 2

Framkvæmdarstaður:

Norðurkot, Kjalarnesi

116 Reykjavík

Tegund framkvæmdar:

Efnisnám á landi

Náman, umfang, staðsetning og náttúrufar

Náman er norðan Hvalfjarðarveggar í landi Norðurkots, nyrstu jörð í Kjalarnesi hinu nýforna. Hún er grafin niður í svokallaðan Bugamel og er vel afmörðuð með mönum og er lítt áberandi. Samkvæmt örnefna skráningu og máltaki heimamanna tók Torfumelur við til norðurs til Mjósunda og Óshólar áfram að ósum Kiðafellsár. Í opinberum gögnum og þeirra sem ekki þekkja til örnafna er allt þetta svæði gjarnan kallað einu nafni Ósmelur. Landgræðsluflugvöllur var gerður og starfræktur á melunum um 1960 en lítt mótar fyrir honum í dag.



Til skamms tíma var Buga- og Torfumelur, sem eru um 30ha að stærð, lítt gróið land án nokkurrar beitaruppskeru. Á síðustu 20 árum hefur hinsvegar miklu magni af húsdýraáburði verið borin á melana og má segja að þeir séu að mestu vel gróið land sem gefur ríkulega uppskeru. Þó að uppgræðsla sé almennt talin jákvæður þáttur, þá

verður ekki undan því vikist að viðurkenna að hún getur átt sínar neikvæðu hliðar. Fyrir uppgræðslu var öflugt kríuvarp á melunum sem hefur að mestu leiti látið alveg undan, þó aðrar ástæður komi þar að einhverju leiti til s.s. þekkt breyting á stærð kríustofnsins.

Nú orðið reynir kría varp aðallega í frágengnum jöðrum núverandi námu en á undir högg að sækja vegna ágangs tófu úr grenjum í Esju. Þá á sandlóupar óðal á námusvæðinu og hefur það komið upp ungum árlega.


Í námubotninum er kaldavensl, u.þ.b. 5 l./sek sem fer um rás í jaðri námunnar í settjörn innan námusvæðisins áður en vatnið fer um niðurgrafið rör í gegnum mön, sem lokar námunni til norðausturs, og áfram um 150 m leið í Kiðafellsá.

Kaldavenslin, rásin og settjörnin hefur mikið aðdráttarafl fyrir vaðfugla og endur. Er að þeim sökum full ástæða, með frekari vinnslu í námunni, að huga að þessum þætti og bæta og auka þessa manngerðu aðstæður sem nokkurskonar mótvægisáðgerðir

Jarðfræði og efnisgerð

Náman er fornar árósamyndanir og sjávarhjallar frá ísaldarlokum, myndaðir úr framburði úr Esju um Miðdal, nú Kiðafellsá, og er hluti að sjávarhjöllum sem þekja víðáttumikið svæði í nágrenninu. Norðar, nær sjó, þekja sjávarhjallarnir merka jökulruðninga við Hvalfjörð sem sumir kalla Ósmela einu nafni og eru þeir á Náttúruminjaskrá. Á námusvæðinu eru hjallarnir þykkastir, u.þ.b. 15-20 metrar, en þynnast til norðurs og vesturs.

Gætt hefur nokkurs misskilnings um að í sjávarhjöllunum séu fornskeljar sem hafa verndargildi. Fornskeljar og minjar frá skriðjöklum er gekk vestur Hvalfjörð eru í jökulruðningnum og í móhellulögum í Óshólum og með ströndinni. Með ákvörðun Umhverfissráðuneytisins hefur verndarsvæðið verið endurskilgreint með tilliti til þess þversniðs að námunni sýnir að stabbinn er lagskiptur, þar sem skiptist á mismunandi gróf malarlög, móbergsmýndanir og leirlög. Vatnsheldni efnisins er því nokkur og takmarkar það notkunarhæfni þess nokkuð í vætutíð, sem fyllingarefni óunnið en með hörpun og flokkun hefur efnið gott notagildi sem fyllingar- dren og lagnaefni.



Rannsókn á kornastæðum

Náma: 15756 (401-16-05) Norðurkot

Gerð námu: Setnáma

Staðarflokkun: Náma

Vegur:

Stöð námuv.:

Dags. útskriftar: 5.2.2015 1


Verktaki/verk:

Rnr.	Sýni Hönnunarst.	Gryfja Dýpt	Max. kornast.	Raki	Cu	Frostfl.	Efnisfl.	USCS	Hlutfall <63µm	Af 20mm	Af 63mm
1976-Rb-0215	001			0	30	F2	SW/SM	8,6	8,5		
1976-Rb-0215	002			0	30	F2	SW/SM	8,5	8,5		
1976-Rb-0228	001			0	16	F1	GP	3,1	3		
1976-Rb-0228	002			0	16	F1	GP	3,2	3		
1977-NN-0066	001			0	21	F1	GW	5	5		
1977-NN-0073	001			0	20	F1/F2	GW/GM	5,5	5,3		

Umsögn

- Malað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.
- Ómalað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.
- Malað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.
- Ómalað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.
- Ómalað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.
- Ómalað. Ekki harpað. Ekki þvegið í námu.

Aths.



Upplýsingar um stærðir og magn

Heildarstærð þegar raskaðs svæðis er 3,8 ha. Þar af verður að teljast frágengi um 1,4 ha. Stærð þess lands sem áform eru uppi um að raska er um 1,0 ha. og verður því heildarstærð raskaðs lands. 4,8 ha brúttó.

Stærð þegar raskaðs svæðis		3,8 ha
Særð frágengis svæðis		1,4 ha
Stærð óraskaðs svæðis		1,0 ha
Heildarstærð leyfðrar námu		4,8 ha


Heildarmagn efnis sem numið hefur verið á brott er talið vera um 250.000 rúmmetrar. Framkvæmd þessi gerir ráð fyrir að numið verði á brott allt að 74.000 rúmmetrar til ársins 2030. Gera má ráð fyrir að á svæðið berist 74.000m³ af hreinum jarðvegsefnum til uppfyllingar og mótunar upprunalegrar ásýndar.

Þegar numið efni		250.000 m ³
Þegar aðflutt efni		20.000 m ³
Áætluð efnistaka til 2030		74.000 m ³
Áætlað aðflutt efni til 2030		74.000 m ³




Tenging við skipulagsáætlanir

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er svæðið sem um ræðir, skilgreint sem efnistökusvæði merkt E1.



Norðurkot (E1). Eldri náma sem í dag tekur til um 38 þúsund m² svæðis. Náman er í jaðri svæðis á náttúruminjaskrá, en ekki ýkja áberandi í landslagi. Frekari efnistaka skal miðast að mestu við það svæði sem nú þegar er raskað og ekki verði frekari stækkun þess til norðurs. Gera má ráð fyrir stækkun hennar um 1 ha til suðurs. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000. Móttaka ómengaðra jarðefna er möguleg á svæðinu, til landmótunar og uppfyllingar.

EFNISTÖKUSVÆÐI Í LANDI NORÐURKOTS (E1 Í AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR)




Eins og fram kemur þá hefur verið stundað efnisnám í námunni um áráraðir, eða allt frá árinu 1976 þegar nýr vegur var lagður um þetta svæði. Náman hefur gilt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar. (hjálagt fylgiskjal)

Svæðið var fyrir gildistöku nýs Aðalskipulags skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og að auki á Náttúruminjaskrá. Með endurskoðun á Náttúruminjaskrá og auglýsingu nr 619/2011 um breytingu á afmörkun svæðissins er nú verndarsvæði aðeins við norðurmörk efnistökusvæðisins en að öðruleiti umliggur landbúnaðarland námusvæðið.

SYÐSTI HLUTI (ÓSMELUR) SVÆÐIS NR. 138 Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

SKÝRINGAR

- AFMÖRKUN SYÐSTA HLUTA NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐIS FYRIR BREYTINGU
- AFMÖRKUN SYÐSTA HLUTA NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐIS EFTIR BREYTINGU





Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 27. janúar 2021
Tilvísun: 2021010217/30.1

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. janúar 2021 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tilkynningu um aukið malarnám í Bugamel í landi Norðurkots í Reykjavík. Í umsögninni skal metið hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum og þá hvort gerð sé nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig skal gera grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð á starfssviði umsagnaraðila. HER hefur farið yfir erindið og meðfylgjandi gögn og gerir eftirfarandi umsögn.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð starfsleyfi HER og er núverandi náma með gilt starfsleyfi fyrir malarnámu og losunarstað sem gildir til 9. ágúst 2028. Heildarmagn efnistöku skal skv. starfsleyfi ekki fara yfir 75.000 m³ og móttaka efna á losunarstaðnum skal ekki fara yfir 75.000 m³. Aukin efnistaka kallar á endurskoðun starfsleyfis.

Að mati HER er ágætlega gerð grein fyrir stækkuninni í meðfylgjandi gögnum. HER vill þó benda á að í ljósi kvartana sem borist hafa um ónæði vegna hávaða frá vinnu í námunni við nærliggjandi íbúðarhús og smáhýsi þarf að gera grein fyrir mengunarvörnum til að draga úr slíku ónæði. Ekki liggur fyrir í gögnunum útreikningur á dreifingu hávaða vegna efnisvinnslu og móttöku efnis en gert er ráð fyrir því að ónæði sé ekki af námavinnslunni vegna þess að náman sé niðurgráfin. Í ljósi þess að efnistökusvæði er að stækka og vinnsla að aukast eru líkur á auknu ónæði.

Þrátt fyrir ofangreint telur HER að umrædd efnisvinnsla sé ólíkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og telur ekki þörf á að aukið malarnám fari í mat á umhverfisáhrifum. Setja má kröfur um hávaðavarnir auk annarra mengunarvarna í starfsleyfi námunnar.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi